

25.00 og Jóni Einarssyni kr. 35.00, hvorttveggja vangoldið ökugjald.

Dóminum að fullnægja, að því er ídæmdar skaðabætur snertir, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, og að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 138/1937. **Réttvísir** (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn

**Magnúsi Gíslasyni** (Eggert Claessen).

Þjófnaður.

### **Dómur hæstaréttar.**

Máli þessu hefir einungis verið skotið til hæstaréttar að því er tekur til ákærða Magnúsar Gíslasonar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er ákærða Magnús Gíslason varðar, þá ber að staðfesta dóminn að því leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði, Magnús Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Jóns Ásbjörnssonar og Eggert Claessen, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1937.

# I.

Mál þetta er höfðað gegn þeim Magnúsi Þórðarsyni, Magnúsi Gíslasyni og Karli Guðmundssyni, gæzluföngum í hegningarhúsinu hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. hinna alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærður Magnús Þórðarson er fæddur hér í bæ 10. apríl 1915. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum, öllum hér í umdæminu:

- 1928  $1\frac{1}{2}\%$  Sætt 5 kr. sekt fyrir ofhraða á reiðhjóli.
- 1933  $1\frac{3}{4}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936  $1\frac{1}{2}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
- 1936  $1\frac{1}{2}\%$  Dómur sama réttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ökuslys.
- 1936  $1\frac{6}{10}\%$  Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

Ákærður Magnús Gíslason er fæddur á Akranesi 17. okt. 1915. Hér í lögsagnarumdæminu hefir hann þolað eftirtaldir refsingar:

- 1931  $2\frac{1}{4}\%$  Áminning fyrir bjölluleysi á reiðhjóli.
- 1932  $1\frac{1}{2}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. hinna alm. hegningarlaga og 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928. 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurborg um 3ja ára skeið.
- 1933  $\frac{7}{8}\%$  Sætt 30 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1935  $1\frac{1}{2}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrun-

arhúsvinnu fyrir þjófnað og ofbeldi við fanga-  
vörð.

1935  $\frac{3}{4}$  Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna  
fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.

1937  $1\frac{1}{10}$  Sætt 100 kr. sekt og 50 kr. skaðabætur fyrir  
ölvun og slagsmál á almannafæri.

Auk þess var hann á Akureyri hinn 9. júní 1933 dæmdur  
í tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi  
fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 62. gr. almennra  
hegningarlaga.

Loks var hann 8. sept. 1934 dæmdur af Københavns Byret  
fyrir brot gegn 298. gr. nr. 4 dönsku hegningarlaganna og  
gæzluvarðhald hans þá látið koma í staðinn fyrir refsingu.

Hann var látinn laus af vinnuhælinu 9. okt. s. l.

Ákærður Karl Guðmundsson er fæddur í Ólafsvík 7. okt.  
1908. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum:

Í Reykjavík:

1933  $\frac{3}{4}$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933  $\frac{8}{8}$  Kærður fyrir ölvun. Málið sent bæjarfógeta í  
Hafnarfirði.

1934  $2\frac{7}{8}$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934  $\frac{9}{9}$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934  $1\frac{8}{8}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi  
við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1934  $2\frac{9}{12}$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935  $\frac{3}{5}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1935  $\frac{6}{6}$  Kærður fyrir ölvun, en ekki þótti ástæða til  
málssóknar.

1935  $1\frac{6}{5}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935  $2\frac{2}{5}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935  $1\frac{0}{6}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935  $\frac{6}{9}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935  $2\frac{0}{9}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936  $\frac{3}{4}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fang-  
elsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn  
8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. lið og 55.  
gr. hinna alm. hegningarlaga.

1936  $1\frac{2}{5}$  Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.

1936  $1\frac{1}{10}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936  $1\frac{3}{10}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fang-  
elsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn

8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 63. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

- 1937  $\frac{1}{8}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1937  $\frac{3}{8}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.  
 1937  $\frac{1}{2}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.  
 1937  $\frac{2}{8}$  Kærður fyrir ölvun og heimilsleysi. Látið falla niður.  
 1937  $\frac{5}{10}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
     Í Hafnarfirði:  
 1935  $\frac{2}{12}$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1935  $\frac{2}{8}$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.  
     Á Ísafirði:  
 1934  $\frac{6}{8}$  Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi við venju-  
 lagt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot  
 gegn 7. gr. laga nr. 51 1928 og 250  
 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.

## II.

Aðfaranótt föstudagsins 15. þ. m. kl. 1.30 komu menn á lögreglustöðina og tilkynntu, að verið væri að fremja innbrot í skrautgripaverzlun Guðna Jónssonar Austurstræti 1. Lögreglan brá þegar við og fór að verzluninni og greip þar ákærðan Magnús Þórðarson, sem þar var kominn inn um glugga, sem hann hafði brotið. Um leið sáu st tveir menn hlaupa frá götuhorninu móti verzluninni og inn í húsa-  
 port við Aðalstræti. Elti lögreglan þá þangað og reyndust það vera meðákærðir Magnús Gíslason og Karl Guðmundsson.

Frásögn ákærðs Magnúsar Þórðarsonar um innbrotið er á þá leið, að hann hafi hitt þá Karl og Magnús Gíslason um kl. 10 um kvöldið. Hann var þá nokkuð undir áhrifum áfengis og var með peninga, sem hann hafði stolið fyrr um kvöldið frá föður sínum, eins og síðar verður frá sagt. Það talaðist svo til með þeim, að þeir yrðu saman um kvöldið. Fengu þeir sér síðan áfengi og drukku upp úr einni brennivinsflösku og voru byrjaðir á whiskypela. Þeir fengu sér og bíl tvisvar sinnum og óku um bæinn. Allt var það á kostnað ákærðs.

Ákærður kveðst sjálfur eiga uppástunguna að innbrotinu. Hann kveðst hafa borið hana fram fyrir þá Karl og Magnús Gíslason fljótlega eftir að þeir hittust. Ræddust þeir síðan

við um þetta bæði meðan þeir voru í bifreiðunum og eins á milli þess.

Út úr síðari bifreiðinni stigu þeir í Lækjargötunni, og var þá ákveðið að láta til skarar skriða. Gengu þeir þaðan beint á staðinn. Á horninu gegnt verzluninni sagði hann þeim að biða og vera á verði, meðan hann fremdi innbrotið, og taka síðan við varningi þeim, sem hann rétti þeim út um gluggann. Því næst hljóp hann yfir götuna og að verzluninni og braut rúðuna. Þá kveður hann, að sér hafi dottið í hug, að betra væri að fara úr frakkanum og hljóp því til þeirra aftur í því skyni að biðja þá að taka við honum. Það kveðst hann þó hafa hætt við og hljóp því að búðinni aftur og fór þá inn um brotinn gluggann. Fór hann þá að taka vörur þær, er hann náði í, og hafði tekið og sett á sig 6 úr. Þegar hann heyrði, að lögreglan var að koma, þá faldi hann sig inni í skáp, og þar var hann tekinn.

Ákærður hefir ekki gjört nána grein fyrir samkomulagi þeirra félaga. Hann kveðst, eins og áður segir, hafa átt uppástunguna að þessu, og innbrotið sjálft ætlaði hann að fremja. Einhvern tíma í samtölum þeirra kveðst hann hafa sagt við þá, að hann myndi gera þetta á sína ábyrgð og ekki blanda þeim inn í þetta, ef það kæmist upp. Hann hefir skýrt frá því, að svo hafi verið um talað á milli þeirra, að þeir Karl og Magnús Gíslason geymdu þýfið fyrst um sinn. En ekki var farið að ræða um það, hvernig þeir skiptu því milli sín. Hann kveðst og hafa boðið þeim að vera viðbúnir fyrir utan að taka við því af þýfinu, sem hann rétti þeim út.

Meðákærður Magnús Gíslason skýrir svo frá þátttöku sinni:

Magnús Þórðarson átti uppástunguna að þessu og ræddi þetta við þá meðákærðu og talaði m. a. um að ná í svarta gimsteina. Hann heldur því hins vegar fram, að Magnús Þórðarson hafi ekki skýrt þeim frá, hvar staðurinn var. Þegar þeir stigu út úr bifreiðinni í síðara skiptið, gengu þeir að horni Aðalstrætis og Austurstrætis, og benti Magnús Þórðarson þeim þar á skrautgripaverzlunina og sagði þeim, að þarna væri staðurinn. Þá kveður ákærður, að sér hafi ekki litizt á, og sagði því við Magnús Þórðarson, að hann gerði þetta upp á sína ábyrgð og hann (M. G.) vildi ekki blanda sér inn í þetta. Magnús Þórðarson sagði þá, að hann gerði þetta upp á sína ábyrgð og fór inn, en þeir Karl og

ákærður stóðu eftir, en flýðu síðan inn í port, þar sem þeir voru handteknir.

Meðákærður Karl Guðmundsson hefir skýrt frá því, að Magnús Þórðarson hafi talað um innbrotið meðan þeir voru í fyrri bílnum með þeim hætti, að þeim hinum hafi þótt nóg um og vildu því villa bílstjóranum sýn, og þóttust þeir því vera skipverjar á bát, sem nú lægi á höfninni. Hann segir, að Magnús hafi nefnt verzlunina, sem hann vildi brjótast inn í, en ekki setti hann það á sig þá. Þegar þeir stigu út úr síðari bílnum, talaði Magnús enn þá um innbrotið, og gengu þeir þá rakleiðis á staðinn. Þegar Magnús fór og braut rúðuna, biðu þeir á meðan, og þegar hann kom aftur til þeirra eftir að hafa brotið rúðuna, sagði hann: Strákar, nú fer ég inn í verzlunina, þið komið á eftir og takið við því, sem ég rétti ykkur. Þá kveður ákærður, að þeim hinum hafi ekki farið að lítast á þetta fyrirtæki og hlupu þá inn í portið. Fóru þeir þar að tala um, hvernig þeir ættu að snúa sér út úr þessu, og töluðu um það annað hvort að stinga Magnús af eða kæra hann, og hefir Magnús Gíslason viðurkennt að hafa átt þá uppástungu. Þeir fengu þó ekki svigrúm til framkvæmda áður en lögreglan handtók þá.

Svo sem nú hefir verið rakið, þá er það ljóst, að Magnús Þórðarson er upphafsmaður þessa afbrots, jafnframt því, sem hann er sá eini þeirra, sem leggur hönd að innbrotinu. Þrátt fyrir það verður að áliti réttarins að telja þá Magnús Gíslason og Karl Guðmundsson fullkomna þátttakendur verksins. Það er upplýst um ráðagerðir þeirra um innbrotið allt frá því að þeir hittust um kvöldið. Þeir ganga allir rakleitt á staðinn, þegar þeir stiga út úr síðari bílnum. Þeir Magnús Gíslason og Karl biða á horninu, meðan Magnús Þórðarson brýtur rúðuna. Og það er fyrst, þegar það rennur upp fyrir þeim, að þetta fyrirtæki sé miður álitlegt, sem virðist vera, þegar Magnús Þórðarson hleypur til þeirra aftur eftir að hafa brotið rúðuna, að þeir reyna að draga sig til baka. Þá fela þeir sig og hefja ráðagerðir um það, hvernig þeir geti sloppið við afleiðingar verksins.

### III.

Ákærður Magnús Þórðarson hefir enn fremur játað á sig eftirfarandi innbrot og þjófnaði:

Fyrri hluta septembermánaðar kveðst hann hafa brot-  
izt inn í hannyrðaverzlun í Bankastræti. Gerði hann það  
með þeim hætti, að hann náði glugga úr bakhlið hússins  
og skreið þar inn. Hafði hann á brott með sér nokkur isaum-  
uð klæði, og fór síðan inn aftur til að skila þeim, því hann  
kveðst hafa séð, að það væri heimska af sér að halda þeim.  
Úr búðinni var einskis saknað. Hann skýrði svo frá, að  
ætlun sín hafi verið sú að fara inn í skrautgripaverzlun,  
sem er í sama húsi, en hann hafi lent í ógáti inn í hann-  
yrðaverzluninni.

Í októbermánuði fór ákærði inn um opnar bakdyr í  
verzlun L. H. Müller í Austurstræti og komst þar inn í bak-  
herbergi. Þaðan hafði hann á brott mér sér fatnað, frakka  
og bakpoka. Fatnaðinn seldi hann fornsala hér í bænum  
fyrir 10 krónur, en frakkann og bakpokann kveðst hann  
hafa eyðilagt. Verð fatanna er 65 krónur, en bakpokans  
23—40 krónur.

Þá hefir ákærður viðurkennt að hafa kvöldið fyrir inn-  
brotið í skrautgripaverzlunina farið inn á skrifstofu h/f  
Kol & Salt og tekið þar sjálfblekung. Honum hefir verið  
skilað.

Loks hefir hann viðurkennt að hafa stolið daginn, sem  
hann framdi innbrotið, 30 krónum úr jakkavasa föður sins.  
Af þeim peningum hefir hann skilað aftur kr. 18.50.

#### IV.

Síðastliðið vor var ákærður Magnús Gislason staddur í  
Kaupmannahöfn. Hinn 9. júní var hann þar, ásamt öðrum  
Íslendingi, handtekinn fyrir stuld á reiðhjóli, eins og nú  
skal greina.

Um kl. 2.35 um nóttina óku tveir lögregluþjónar á lög-  
reglubifreið fram á ákærðan og féлага hans, þar sem þeir  
voru að eiga við lás á karlmannsreiðhjóli, sem stóð þar  
fyrir utan hús. Þegar þeir félagar urðu lögreglunnar varir,  
hröðuðu þeir sér burtu, en stoppuðu við annað reiðhjól  
þar skammt frá og fóru að athuga lásinn á því. Ákærður  
gekk síðan frá féлага sínum, en kom aftur ca. 5 mínútum  
síðar og hafði þá með sér kvenreiðhjól. Fóru þá lögreglu-  
þjónarnir til þeirra og höfðu þeir félagar þá einnig hend-  
ur á karlmannsreiðhjóli, sem stóð þar á götunni.

Ákærður hefir gert þá grein fyrir þessu, að þeir félagar

hafi um kvöldið setið á knæpu að drykkju og verið þar með stúlkum. Þegar þau komu út af veitingahúsinu, kveður hann, að stúlkan, sem hann var með, hafi beðið sig að gæta reiðhjóls síns, og benti honum á, hvar það stóð upp við gangstétt. Stúlkan skildi fljótlega við ákærðan eftir þetta, og hann og félagi hans fóru nokkuð um borgina og leituðu til að komast inn á veitingahús en þegar þeim ekki tókst það, sneru þeir niður að Brúarfossi, sem þar lá í höfn. Á leiðinni kveðst mættur hafa munað eftir reiðhjólinu og fór því á þann stað, sem hann minnti, að það hefði verið, og tók þar kvenreiðhjól, og var lásinn opinn. Reyðhjólið kvaðst ákærði hafa ætlað að geyma, þar til hann fýnnði stúlkuna aftur, en enga grein gat hann gert fyrir henni, vissi ekki nafn hennar eða heimili, en sagðist hafa búizt við, að hann mundi síðar hitta hana á þessu sama veitingahúsi. Ákærður hefir neitað því að hafa verið að snópa við karlmannsreiðhjól, eins og lögreglan þó stóð hann að.

Eigandi reiðhjóls þess, er tekið var af ákærðum, gaf sig fram og neitaði að hafa nokkru sinni séð eða heyrt ákærðan.

Þrátt fyrir það þótt ákærður þannig þræti fyrir að hafa stolið umræddu reiðhjóli, verður ekki annað ráðið af atvikum öllum, eins og þeim hefir nú verið lýst, og verður að telja það fullgilda sönnun fyrir sekt hans.

## V.

Ákærðir hafa verið í gæzluvarðhaldi frá því þeir voru handteknir 15. okt. s. l.

Brot ákærðs Magnúsar Þórðarsonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 6. gr. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhúsvinna.

Brot ákærðs Magnúsar Gíslasonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 6. gr. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir öllum mála-vöxtum hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhúsvinna.

Brot ákærðs Karls Guðmundssonar heimfærist undir 8. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 55. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærður Magnús Þórðarson og Karl Guðmundsson greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ein-

ars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00. Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 65.00. Kostnað við gæzluvarðhald sitt greiði ákærðir hver um sig. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir allir in solidum. Málið hefir verið rekið vitalaust.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærður Magnús Þórðarson sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Magnús Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Karl Guðmundsson sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Kostnaður sakarinnar greiðist þannig:

Ákærðir Magnús Þórðarson og Karl Guðmundsson greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrm., kr. 100.00, in solidum.

Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 65.00.

Ákærðir greiði hver um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærðir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Mánudaginn 23. maí 1938.**

**Nr. 61/1934. Ingveldur Einarsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Magnúsi Guðmundssyni (Enginn).**

**Barnsfaðernismál.**

**Dómur hæstaréttar.**

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna.